



**Ræða**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á samkomu á Dalvík**  
**í opinberri heimsókn til Eyjafjarðar**  
**20 maí 1999**

Heiðruðu Dalvíkingar,  
Svarfdælingar, Eyfirðingar  
og aðrir góðir gestir

Ég færi ykkur einlægur þakkir fyrir fábærar og hjartahlýjar móttökur, fróðleik og gestrisni sem sett hafa svip á hverja stund þessara góðu daga.

Eyjafjörður er vissulega víðáttumikill, tign fjallanna fögur og glæsileg, nánast við hvert fótstíga minjar um sögu þjóðarinnar, menningu og trúarlíf.

Samt hefur mér þótt mest um vert að nema sóknarhug ykkar, viljann til framfara og farsældar á nýrri öld, einbeittan ásetning um að efla byggðirnar, búa heimaslóðir svo vel að atvinnuháttum, menntun og félagslífi að Eyjafjörður verði áfram sú þungamiðja sem byggð Íslands alls þarf svo nauðsynlega á að halda.

Þið varðveitið þræði í tilvistarvefi Íslendinga, þræði sem ná allt frá árdögum landnáms til lýðveldistíma. Hér tók Helgi magri land eins og lýst er í Landnámabók, fyrir utan Hrísey en fyrir innan Svarfaðardal. Hann var hinn fyrsta vetur á Ámundarstöðum og um vorið gekk hann til fjalla, sá inn til fjarðarins sem nefndur var Eyjafjörður af eyjum þeim sem þar lágu úti fyrir.

Slíkt er samhengið í sögu Íslendinga frá landnámi til okkar tíðar að sá hinn sami Svarfaðardalur og nefndur er í Landnámabók varð um þúsund árum síðar æskuslóðir þriðja forseta lýðveldisins, uppeldishagar sem færðu Kristjáni Eldjárn einstæða næmni á sögu þjóðar og héraða, djúpan skilning á samfellunni í örlögum Íslendinga.

Við bænarstund í litlu kirkjunni á Tjörn, við andblæ vindanna í dalnum og kyrrð kvöldsins með víðsýni til fjarðarmunnans eru efst í huga þakkir fyrir þær gjafir sem heimabyggð ykkar færði ástsælum forseta sem ætíð bjó að traustum rötum sem hér spruttu.

Kristján Eldjárn taldi sig ætíð gæfumann að eiga Svarfaðardalinn og Eyjafjörðinn að heimabyggð. Þjóðin er í þakkarskuld við héraðið sem fóstaraði einn af ástsælustu sonum Íslands á öldinni sem senn kveður, manninn sem las fyrir okkur fornar sögur úr kumlum og haugfé og beitti á tímum umbrota og erfiðleika áhrifavaldi forsetaembættisins þjóðinni til mikillar farsældar.

Ævistarf Kristjáns Eldjárns var samfelld áminning um að án minja um sögu og menningu fyrri tíma yrði erfitt fyrir Íslendinga að fóta sig, einkum þegar byltingar í tækni og lífsháttum ógna góðum gildum og færa okkur sífellt nýjar og framandi ögranir.

Það hefur verið ánægjulegt að kynnast því í heimsókn minni hvernig þessi sýn Kristjáns Eldjárns er enn leiðarljós á hans gömlu heimaslóðum. Og af mörgu er að taka.

Ég nefni sem dæmi uppgröftinn að Gásum sem færir okkur nýja vitneskju um verslunarhætti og tengsl við fjarlæg lönd á fyrstu árhundruðum Íslandsbyggðar, margræða sönnun þess að Ísland hefur aldrei verið einangrað frá straumum heimsverslunarinnar.

Eyfirðingar hafa ætíð sótt í samskipti við aðra, hafnað einangrun og innilokun. Saga mannlífs og atvinnu í firðinum geymir ótvíræða sönnun þess að íbúunum vegnar best þegar sóknarviljinn nær til heimsins alls. Það er í raun sama hugsun og á árdagsöldum gerði Gása að miðstöð verslunar og viðskipta sem rösku árbúsundi síðar dró Sæplast til að stofnsetja dótturfyrirtæki á Indlandi og selja framleiðslu sína í öllum heimsálfum.

Sú hugsun hefur einnig mótað þá þróun að útflutningur frá Hrísey fer nú til helstu heimsborga Evrópu og markaðssvæði Dalvíkur nær um allar álfur. Atvinnulíf ykkar er ótvíræð sönnun þess að þá vegnar okkur Íslendingum best þegar við í senn varðveitum rætur heimabyggðar og sækjum arð og búbot vítt og breitt um hnöttinn allan.

Í brýnni umræðu um vanda byggðanna við aldarhvorf er hollt að sækja fyrirmyndir og hvatningu til sveitarfélaganna við Eyjarfjörð sem á fjölskrúðugan hátt hafa brugðist við breyttu umhverfi og skapað sér ný

tækifæri til sóknar. Dugnaður, hagsýni og hugvit heimamanna hafa reynst dýrmæt auðlind. Með henni hafa byggðarlögin beggja megin fjarðarins treyst stöðu sína og opnað íbúunum nýjar leiðir.

Við þekkjum öll dæmi um tillögugerð sem flestu átti að bjarga, áform um stórframkvæmdir eða stórrekstur sem gæti orðið alsherjar elexír. Ganghjól tímans eyddi hins vegar því orðaflóði á undraskömmum tíma, jafnvel með slíkri glettni að sumt hljómar nú sem hreinar öfugmælavísur.

Á meðan þessi orðræða lék í eyrum, fór kannski inn um annað og út um hitt, voru hér af fólkinu sjálfu stigin skrefin, mörg og markviss, til framfara og búbóta, aukinnar menntunar og hagsældar, nýrrar viðskipta og þjónustu. Fyrirtækin smá og meðalstór voru þar í fararbroddi. Uppspretta árangursins var hjá ykkur sjálfum; viljinn og hugvitið reyndust sú auðlind sem ein getur bjargað byggðum Íslands.

Þær eru margar sendinefndirnar að sunnan eða erlendis frá sem hingað hafa komið á undanförnum áratugum og sagst flestu getað bjargað en farið síðan fljótt aftur án nokkurra athafna eða umsvifa.

En heimamenn hafa haldið sínu striki, létu gestahjalið ekki villa sér sýn; breyttu sjálfir bátum, keyptu skip, reistu með eigin afli verksmiðjur og nýtískuleg iðjuver til fullvinnslu á fiski og matvælum, efldu skóla og þjónustu, skerptu skilning á sögu og arfleifð. Smátt og smátt unnuð þið slíka sigra að nú er Eyjafjörður að allra dómi sú byggð sem í samspili og mótvægi við höfuðstaðinn sjálfan getur á nýrri öld orðið drifkraftur í framför Íslands alls.

Árangur ykkar, staðfesta og sóknargeta er þjóðinni dýrmætt veganesti í knýjandi uppgjöri um áherslur í þróun byggðar – um það hvað reynast mun héruðum og þjóðinni allri best til nýrrar framfararsóknar.

Því er brýnt að þið heimamenn sitjið ekki hjá, látið ekki hina opinberu spekinga, sem flestir eru að vísu lærðir og velviljaðir en fæstir hafa sjálfir þurft að standa á víglínu byggðavandans, eina um að móta tillögugerð og áætlanir til úrbóta. Þjóðin þarf á ráðum ykkar og reynslu að halda.

Sjálfskraust heimamanna og sóknarvilji hefur vissulega skinið úr andlitum og augum æskufólksins sem ég hef hitt hér í heimsókn minni. Starfsgleðin, þrótturinn og ánægjan eru greinilega aðalsmerki unga fólksins sem hér vex úr grasi.

Ég hef stundum sagt að það hafi verið mér mikil gæfa að alast upp í sjávarplássi þar sem nálægðin við sjósókn og búskap gaf mér veganesti sem best hefur dugað á langri leið. Ég skynjaði í dag og reyndar einnig í gær á ferð minni um Eyjafjörðinn, í samræðum við æskuna, í skólum og á völlum úti, að sú hin sama gæfa hlotnast nú unga fólkinu sem þið fóstrið svo vel.

Án mannauðsins yrðu byggðir Íslands fljótt að auðum slóðum. Ræktum því vel það besta sem við eigum, æskuna sem senn mun erfa landið og áfram gera Eyjafjörð að burðarási Íslandsbyggðar.

„Eyjafjörður – finnst oss – er  
fegurst byggð á landi hér,  
meðan guðleg sumarsól  
signir Norðra konungsstól”

kvað höfuðskáldið Matthías Jockumsson.

„Fornu stöðvar hreystihljóms,  
heilög óðöl frægðarróms,  
gleðisveitin gullinfríð,  
glói lof þitt ár og síð!”

Megi gæfa og farsæld fylgja öllum byggðum Eyjafjarðar. Megi sú fagra og söguríka veröld sem þið varðveitið verða Íslendingum um ókominn aldur uppspretta kjarks og vilja til að sigrast á sérhverri þraut.

Ég færi ykkur þakkir fyrir alúðlegar móttökur, góðar gjafir, vináttu og velvilja sem hvarvetna hefur sett svip á samveru okkar.